

Fundargerð

25. fundar í Erfðanefnd landbúnaðarins
Keldnaholti, 11. nóvember 2016 kl. 14:00 – 16:00

Mættir: Emma Eyþórsdóttir formaður (EE), Charlotta Oddsdóttir (CO), Trausti Baldursson (TB), Leo Alexander Guðmundsson (LAG), Sæmundur Sveinsson (SS), Þorvaldur Kristjánsson (ÞK) og Brynja Hrafnkelsdóttir (BH)

Auk þess sat fundinn Birna Kristín Baldursdóttir (BKB), og ritaði fundargerð.

EE setti fundinn og bauð nýja erfðanefnd velkomna, skipunartími nefndarinnar er til 16. júní 2019.

1. Samþykkt dagskrár

Dagskrá var samþykkt án athugasemda.

2. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð frá 24. fundi var samþykkt.

3. Staða mála frá síðasta fundi (BKB)

- a. Útflutningur á geitasæði til Bandaríkjanna hefur tafist vegna nýrra reglna um innflutning. Hafrar og hrútar þurfa að vera í einangrun í 120 daga áður en sæðistaka fer fram. Prófa þarf fyrir blátungu og gera berklapróf 2x (húðpróf) 30 dögum fyrir sæðistöku og eftir sæðistöku. Huðnur sem notaðar eru við sæðistöku þarf líka að berklaprófa. Ekki eru gerðar kröfur um skráða sæðingastöð.
- b. Heiðrún, skýrsluhaldsgrunnur fyrir geitfé var tekinn í notkun í lok apríl, um 40 skráðir notendur. Verið að skrá upplýsingar af pappír í Heiðrónu. Skýrsluhaldsgrunnur er tengdur við afurðastöðvar og upplýsingar um fallþunga og kjötmat fara beint inn í grunninn.
- c. Hvanneyrarhátíð var haldin 9. júlí og tók erfðalindasetur þátt í hátíðinni. Húsdýr voru til sýnis: kýr með kálf, geitur, forystusauður, íslensk hænsn. Mjög góð aðsókn var að hátíðinni og áhugi fyrir dýrunum mikill.
- d. EFABIS og CryoWeb gagnagrunnar hafa verið uppfærðir og framundan er vinna við að setja inn upplýsingar um erfðaeftni sem geymt er til lengri tíma, þ.e. hrúta-, nauta- og hafrasæði, í CryoWeb.
- e. EE og BKB sóttu fund í húsdýrahópi Nordgen í Færeyjum í ágúst. BKB fór á plönturáðstefnu í Litháen og á fund hjá Nordgen hóp um plöntur. Þema ráðstefnunnar var varðveisla CWR (Crops Wild Relatives) eða varðveisla villtra ættingja nytjaplantna.
- f. Umsagnir um innflutning á afrískum broddgelti og silkiormum bárust nefndinni. Auk þess gerði nefndin athugasemdir í bréfi til atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis vegna innflutnings á laxasviljum sem nefndin fékk ekki til umsagnar.

4. Rekstur 2016 og áætlun 2017

Lagt var fram uppgjör ársins 2016 (1.1. til 1.11. 2016) ásamt drögum að áætlun fyrir 2017. Inneign í byrjun árs 2016 var kr. 5.929.083, þar af var framlag á fjárlögum 2016 kr. 4.400.000 og óráðstafað eigið fé 1.1.2016, kr. 1.529.083. Gjöld voru alls kr. 4.411.700, inneign í lok árs var kr. 1.517.383. Drög að áætlun fyrir árið 2017 voru lögð fram. Framlag til nefndarinnar hækkar samkvæmt nýgerðum búvörusamningum og verður kr. 7.000.000 á ári. Til ráðstöfunar 2017 eru kr. 8.517.383. Stofnverndarframlag til verndunar geitfjárstofnsins kr. 1.800.000 fellur niður frá og með árinu 2017 þar sem geitfjáræktin fær sérstakt framlag samkvæmt nýgerðum samningum. Vegna verksamnings við LbhÍ/erfðalindasetur hafa kr. 2.500.000 verið bundnar og gert er ráð fyrir að uppreikna þurfi þá upphæð miðað við vísitölu þar sem hún hefur verið óbreytt frá 2009 og verður þá kr. 3.226.000. Auk þess hefur verið bundinn styrkur til Búnaðarsamtaka Vesturlands vegna ræktunar forystufjár, ferhyndra og feldfjár sem uppreiknaður verður kr. 130.000. Gert er ráð fyrir greiðslu árgjalds til ERFPP (European Regional Focal Point for Animal Genetic Resources) og kostnaði við að sækja fund hjá samtökunum einu sinni á ári samtals kr. 420.000. Einnig er gert er ráð fyrir að veittir verði styrkir að upphæð kr. 3.000.000.

5. Styrkveitingar

EE kynnti hvernig staðið var að styrkveitingum og að síðast hafi verið veittir styrkir árið 2010. Framlag til nefndarinnar hafi verið skorið niður eftir hrún, en nú væru bjartari tímar framundan því búið væri að auka framlag til nefndarinnar og hægt að auglýsa styrki á ný. Rætt var um hæfi nefndarmanna þegar kæmi að styrkveitingum og samþykkt var að nefndarmenn tengdir styrkumsóknum vikju af fundi meðan umsóknir væru afgreiddar.

Rætt var um erindi Sveins Sigurmundssonar um styrk til að reka genbanka fyrir sauðfé hjá Sauðfjársæðingastöð Suðurlands í Þorleifskoti. Frá árinu 2003 hafa verið frystir 5 skammtar úr flestum hrútum, um 20 hrútar á ári, sem koma á stöðina og eru tæplega 1000 skammtar geymdir í genbankanum.

Afgreiðsla: Þar sem gert er ráð fyrir því að nefndin auglýsi styrki á næsta ári taldi nefndin að erindið ætti að falla í þann styrkjafarveg.

6. Stofnun heildargenbanka fyrir erfðaeftni búfjár

Rætt var um nauðsyn þess að stofna heildargenbanka fyrir erfðaeftni búfjár. Varðveisla erfðaeftnis til lengri tíma er einn liður í verndaráætlunum fyrir íslenska búfjárstofna. Nauðsynlegt er að til séu opinberar reglur um geymslu og notkun sæðis og fósturvísa sem varðveitt eru í langtímageymslum þar sem kveðið er á um eignarhald og ábyrgð á rekstri. Farið hefur verið eftir óskráðum vinnureglum um geymslu á frystu sæði úr nautum og hrútum en aldrei hefur verið stofnaður eiginlegur genbanki sem gegnir því hlutverki að varðveita erfðaeftni íslensku búfjárstofnanna. Í öðrum Evrópulöndum eru genbankar sem hafa þessar skyldur og unnið er að formlegu samstarfi genbanka í Evrópu undir heitinu EUGENA (European Genbank Network for Animal Genetic Resources) á vegum ERFPP (European Regional Focal Point for Animal Genetic Resources). Tilgangur samstarfsins er að styðja við

rekstur slíkra genbanka og stuðla að aðgengi að erfðafni í genbönkum í samræmi við alþjóðlegar samþykktir (The Nagoya Protocol for Access and Benefit Sharing). Erfðalindasetri var falið að kanna hvernig best væri að standa að stofnun heildargenbanka og hvernig þetta er skipulagt í öðrum löndum.

Afgreiðsla: Erfðalindasetri falið að kanna hvernig best væri að standa að stofnun heildargenbanka og hvernig þetta er skipulagt í öðrum löndum.

7. Önnur mál

- a) EE kynnti erindi frá Áslaugu Helgadóttur þar sem hún óskaði eftir því að fá að sitja fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi á meðan hún situr í stjórn NordGen og er fulltrúi Íslands í ECPGR (European Cooperative Programme for Plant Genetic Resources).

Afgreiðsla: Nefndin telur ekki rétt að veita einstökum aðilum sem tengjast starfsemi hennar réttindi áheyrnarfulltrúa í öllum málum nefndarinnar en telur eðlilegt að bjóða fulltrúa Íslands í Nordgen og ECPGR (European Cooperative Programme for Plant Genetic Resources) á fundi nefndarinnar þegar málefni tengd þessu samstarfi eru til umræðu.

- b) LAG sagði frá matsskýrslu Fjarðalax til Skipulagsstofnunar um framleiðslu á laxi í Patreksfirði og Tálknafirði, þar sem áætluð er aukning um 14.500 tonn í kynslóðaskiptu eldi. Í matsskýrslunni er vitnað í landsáætlun erfðanefnd landbúnaðarins 2014-2018 og sagt að nefndin leggist ekki gegn notkun á laxi af norskum uppruna í kvíaeldi við strendur Íslands.

Afgreiðsla: LAG falið að gera uppkast að bréfi til Skipulagsstofnunar þar sem bent verði á að í matsskýrslunni sé staðhæfing sem feli í sér ranga túlkun á afstöðu nefndarinnar til laxeldis í sjókvíum.

8. Næsti fundur

Verður boðaður snemma árs 2017